



Ferðamálaráð
Unnur Valborg Hilmarsdóttir formaður

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 16. júní 2017
Tilv.: ANR17060130/7.1.0

Efni: Erindi ráðherra ferðamála til ferðamálaráðs um aðgerðir í þágu ferðaþjónustunnar.

Samkvæmt 6. gr. laga um skipan ferðamála er ferðamálaráð ráðherra til ráðgjafar um áætlanir í ferðamálum og skal veita umsagnir um breytingar á lögum og reglum er varða ferðamál og annað sem ráðherra felur því eða ráðið telur ástæðu til að taka upp í þágu ferðaþjónustunnar.

Ráðherra ferðamála óskar eftir því að ferðamálaráð geri tillögur um aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að bregðast við þremur áskorunum sem ætla má að raski samkeppnisstöðu íslenskrar ferðaþjónustu um þessar mundir, nánar tiltekið:

- I. Möguleg misnotkun og/eða óeðlilegt samkeppnisforskot í deiliahagkerfinu á markaði fyrir gistingu
- II. Möguleg ólögmæt starfsemi og/eða óeðlilegt samkeppnisforskot erlendra aðila sem stunda ferðaþjónustu hér á landi, til að mynda fólksflutninga og leiðsögn
- III. Verðlagsþróun í erlendra mynt sem gera má ráð fyrir að komi verst niður á ferðaþjónustu á landsbyggðinni

Um lið I.

Ljóst er að umfang heimagistingar hefur vaxið gífurlega og er framboð af henni á háannatíma á höfuðborgarsvæðinu, samkvæmt bestu fáanlegu upplýsingum, orðið næstum því jafnmikið og gistiframboð á vegum hefðbundinna hótela og gistiheimila. Stjórnvöld vilja greiða götu þessa hluta deiliahagkerfisins innan eðlilegra marka og hafa m.a. afnumið leyfisskyldu fyrir heimagistingu upp að 90 dögum á ári. Aftur á móti vilja stjórnvöld stemma stigu við ólöglegri starfsemi og skattaundanskotum. Einnig er vert að huga að því hvort umsvifamikill rekstur á gistiþjónustu í deiliahagkerfinu, sem fullnægir öllum reglum um skráningu, leyfi og skattskil, njóti á einhvern hátt óeðlilegs samkeppnisforskots gagnvart hefðbundinni gistiþjónustu hvað varðar lagalegt umhverfi, en með því væri hið opinbera í raun að beina fjárfestum og atvinnurekendum inn á þá braut að stunda sinn atvinnurekstur frekar í hefðbundnu íbúðarhúsnæði en gistiheimilum eða hótélum. Það myndi óneitanlega orka tvímælis, þótt deiliahagkerfið sé og eigi að vera sjálfsagður og eðlilegur hluti af

gistiframboði.

Þess er því óskað að:

- a) gerðar verði tillögur um aðgerðir til að hindra svarta atvinnustarfsemi í gistipjónustu í deiliahagkerfinu
- b) metið verði hvort, og þá á hvaða hátt, lögleg en umsvifamikil starfsemi á þessu sviði hafi óeðlilegt samkeppnisforskot gagnvart hefðbundinni gistipjónustu hvað varðar lagalegt umhverfi

Í þessu skyni gæti verið nærtækt að leita eftir álitum og tillögum frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu sem annast eftirlit með heimagistingu, ríkisskattstjóra, fulltrúum sveitarfélaga, hagsmunaaðilum í gistipjónustu og öðrum sem þurfa þykir.

Um lið II.

Að sögn hagsmunaaðila í ferðapjónustu færist það í vöxt að erlendir aðilar bjóði ferðir til Íslands til sölu erlendis, komi hingað til lands með rútur á erlendum númerum og bjóði fólksflutninga og leiðsögn á verði sem íslensk fyrirtæki geta ekki keppt við, enda greiði þessir aðilar hvorki laun skv. íslenskum kjarasamningum né skatta og skyldur sem íslensk fyrirtæki þurfa að greiða. Umfang þessa hefur ekki verið kortlagt svo vitað sé en margvísleg sterk rök hníga að því að skoða þessa starfsemi betur. Fjármála- og efnahagsráðherra hefur sem kunnugt er nýlega stofnað starfshóp um úrbætur á sviði skattskila af erlendra ferðapjónustustarfsemi sem á að skila tillögum fyrir miðjan júlí og er rétt að hafa niðurstöður hans til hliðsjónar. Fleiri sjónarmið en skattskil koma hins vegar til álita í þessu sambandi, til að mynda sjónarmið um vinnurétt, gæðamál, neytendavernd, öryggismál og sanngjarnt samkeppnisumhverfi.

Þess er óskað að:

- a) gerðar verði tillögur um aðgerðir til að tryggja betur en þegar er gert að þessir aðilar fullnægi öllum kröfum sem þeim ber, m.a. varðandi vinnurétt, gjöld, skráningu o.þ.h.
- b) metið verði hvort og þá með hvaða hætti þessir aðilar hafi óeðlilegt samkeppnisforskot gagnvart innlendum aðilum og hvort tilefni sé til að breyta lögum eða reglum til að koma í veg fyrir slíkt forskot
- c) metið verði hvort tilefni sé til að stemma stigu við þessari starfsemi með einhverjum öðrum hætti, til dæmis með því að gera auknar kröfur til þessarar atvinnustarfsemi

Í þessu skyni gæti verið nærtækt að leita eftir álitum og tillögum frá Ferðamálastofu, Vinnumálastofnun, Alþýðusambandi Íslands, velferðarráðuneytinu, ríkisskattstjóra, hagsmunaaðilum í ferðapjónustu og öðrum sem þurfa þykir.

Um lið III.

Gengi krónunnar hefur styrkst verulega á undanförunum misserum og hefur lítið lát orðið á þeirri þróun. Ísland er af þeim sökum orðinn dýr áfangastaður í alþjóðlegum samanburði. Sú staða er líkleg til að vinna gegn því markmiði stjórnvalda að ferðamenn heimsæki landsbyggðina í auknum mæli. Af þessum ástæðum er vert að huga að sértækum aðgerðum til að stuðla betur að framgangi markmiði stjórnvalda um aukna dreifingu ferðamanna um landið.

Þess er óskað að:

- a) gerðar verði tillögur um til hvaða aðgerða stjórnvöld geti gripið til að stuðla að því að ferðamenn heimsæki landsbyggðina í auknum mæli, til dæmis með samgöngubótum, markaðs- og kynningarstarfi, jöfnun aðstöðumunar með einhverjum hætti, eða öðrum aðgerðum

Í þessu skyni gæti verið nærtækt að leita eftir álit og tillögum frá markaðsstofum landshlutanna, Ferðamálastofu, hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu á landsbyggðinni og öðrum sem þurfa þykir.

Almennt um verkefnið

Skrifstofa ferðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu mun veita ferðamálaráði alla mögulega aðstoð.

Æskilegt er að tillögurnar séu útfærðar (þ.e. ekki of almennar) og að þær beinist að aðgerðum sem raunhæft er að ráðast í án mikillar tafar.

Við það er miðað að svör berist sem fyrst og ekki síðar en fyrir lok ágústmánaðar. Svara má einstökum liðum erindisins fyrir.


Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir